



Fundargerð

Fundur í skipulags- hafna- og húsnæðisnefnd Reykhólahrepps
Mánudaginn 28. nóvember 2022 kl. 10.30

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt; Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður og Arnþór Sigurðsson. Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir mætti ekki.

Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi. Arwa Alfadhli skipulagsfulltrúi og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri sátu fundin í fjarfundi. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir mætti ekki.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið. Hún kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboðið. Engar athugasemdir bárust. Þá spurði hún eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 3. nóvember 2022.

Farið yfir fundargerðina. Vegna liðar 6, framkvæmdaleyfi Reykhólahöfn, þá felur nefndin skipulags- og byggingafulltrúa að afla umsagna stofnanna áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Samþykkt samhljóða. Fundagerðin samþykkt samhljóða.

2. 2211019 - Umsókn um byggingalóð Hellisbraut 58 - 64.

Lögð er fram umsókn Landsbyggðarhúss ehf. dagsett 17. nóvember, um raðhúsaloð að Hellisbraut 58 – 64. Landsbyggðarhús hyggst byggja 4 íbúða sænsk raðhús á lóðunum.

Nefndin samþykkir umsóknina og felur byggingafulltrúa að stofna lóðirnar formlega. Samþykkt samhljóða.

3. 2211020 - Reykjabraut 6 umsókn um byggingaleyfi.

Lögð er fram umsókn frá Þörungaverksmiðjunni um byggingu 4 ca.50 m² tilbúinna húsa við Reykjabraut 6.

Nefndin felur sveitarstjóra og byggingafulltrúa að vinna að málið áfram með umsækjanda. Samþykkt samhljóða.

4. 2211021 - Skýrsla BDSR, brunavarnir Barmahlíð og Reykhólaskóli.

Slökkviliðsstjóri fór yfir skýrslurnar.

Nefndin felur umsjónarmanni fasteigna í samráði við forstöðumenn stofnanna og slökkviliðsstjóra að vinna að úrbótum. Samþykkt samhljóða.

5. 2211022 - Úttekt Securitas á brunavörnum Barmahlíð.

Lagt fram til kynningar.

6. 22203002 - Fundargerð 446. fundar Hafnasamband Íslands.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver):

Fundi slitið kl. 12:05.

Fundargerð undirrituð rafrænt.